

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2023
UST202301-176/A.Þ.
10.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku af hafsbotni í Sundahöfn á Ísafirði - lengdur gildistími framkvæmda

Vísað er til erindis Orkustofnunar er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um leyfi til efnistöku af hafsbotni í Sundahöfn á Ísafirði. Í framkvæmdunum felst efnistaka á 200.000 m³ af efni af hafsbotni utan netlaga í Skutulsfirði vegna framkvæmda við lengingu Sundabakka í Ísafjarðarbæ og breikkunar innsiglingarrennu í höfninni. Ætlunin er að nýt efnið í þrjár landfyllingar, innan við stálþil hins lengda Sundabakka, við Norðurtanga á Ísafirði og til landfyllingar í Súðavík.

Um er að ræða framlengingu á þegar útgefnu leyfi sem gildi til loka ársins 2022. Framkvæmdir eru hafnar, en þeim er ekki lokið, og láðist að sækja um framlengingu á gildistíma ofangreinds leyfis áður en það rann út.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin fór í mat á umhverfisáhrifum og veitti stofnunin umsögn um frummatsskýrsluna þann 11. desember 2020.¹

Í ljósi þess að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar hafa verið metin og forsendur umsóknar haldast óbreyttar gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að leyfið sé framlengt um ár, eða til 31. desember 2023.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur

¹ [Frummatsskýrsla - mat á umhverfisáhrifum - Sundabakki - dýpkun - umsögn.pdf \(ust.is\)](#)